



## Ársreikningur 2017

**Knattspyrnudeild**



# Efnisyfirlit

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna .....	1
Áritun stjórnar .....	2
Skýrsla stjórnar .....	3
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8



# Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning meistaraflokkks knattspyrnudeilda Gróttu fyrir árið 2016. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glöggja mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2017 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn Knattspyrnudeilda Gróttu staðfesta hér með ársreikning meistaraflokkks deildarinnar fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 18. apríl 2018

  
Guðjón Norðfjörð

  
Bjarði Torfi Álfþórsson



# Áritun stjórnar

Stjórn knattspyrnudeildar Gróttu staðfestir hér með árskýrslu og ársreikning deildarinnar fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 18. apríl 2018

Sölvi Snær Magnússon

Rögnvaldur Dofri Pétursson

Magnús Órn Helgason

Birgir Tjörvi Pétursson

Arnar Rafn Birgisson

Elias Kristjánsson

Hildur Olafsdóttir

  
Harpa Guðfinnsdóttir



# Skýrsla stjórnar Knattspyrnudeild Gróttu 2017

## Meistaraflokkur kk og kvk

### Í stjórn deildarinnar á árinu 2017 störfuðu:

Sölví Snær Magnússon formaður  
Dofri Pétursson gjaldkeri.  
Harpa Guðfinnsdóttir meðstjórnandi  
Birgir Tjörvi Pétursson meðstjórnandi  
Arnar R. Birgisson meðstjórnandi  
Hildur Ólafsdóttir meðstjórnandi  
Elías Kristjánsson meðstjórnandi  
Magnús Örn Helgason meðstjórnandi  
Magnús Gunnarsson meðstjórnandi

Stjórnin fundaði mánaðarlega og gekk vel að vinna þau verkefni sem voru í gangi á árinu. Öflugt heimaleikja ráð var í kringum meistaraflokk karla og studdi Veislun dyggilega við bakið á meistaraflokkum karla og kvenna með máltíðum fyrir leiki.

### Meistaraflokkur karla:

Þórhallur Dan var stýrði liðinu.

Undirbúningsmábil meistarafloks karla fyrir keppnistímabilið 2017 gekk vel og voru væntingar um að liðið ætti möguleika að halda sínu sæti í 1. deildinni. Gróttu var í neðri hluta deildar allt sumarið en þrátt fyrir mikla baráttu og mjög flott spil á köflum sérstaklega fyrri hluta tímabils og í bikarkeppninni þá náði liðið ekki að halda sínu sæti sínu í Inkasso, endaði í neðsta og féll í 2. Deild.

Meistaraflokkur karla var þétt skipaður uppoldum Gróttumönnum í bland við aðkomumenn og fengu ungi Gróttuleikmenn mikinn spilatíma. Á uppskeruhátið meistarafloks var Sigurvin Reynisson valin bestur og Kristófer Melsteð sá efnilegasti. Við lentum í ýmsum áföllum með hópinn meiðsli, ósætti og 4 leikmenn fór erlendis á lokakafla tímabilsins 3 til USA í háskólaboltann og einn til Noregs fengum meira að segja 200 þúsund krónur greiddar fyrir hann, s.s við seldum leikmann hugsanlega í fyrsta skipti.

Nýtt og öflugt þjálfarateymi tók við liðinu eftir tímabilið, þeir Óskar Hrafn Þorvaldsson og Halldór Árnason. Þeim til aðstoðar er Bjarki Már Ólafsson í sjálfboðavinnu sem sýnir hversu mikla aðráðu hann hefur fyrir Gróttu. Miklar vonir eru bundnar við þeirra störf og þá sérstaklega að byggja upp nýtt ungt lið og er uppistaðan uppaldir Gróttustrákar og er unnið eftir Gróttuleiðinni. Þannig að nú má segja að Gróttuleiðinn hafi að fullu verið virkuð í öllum flokkum.Knattspyrnudeildar.

Þórhallur Dan og Sigurður Brynjólfsson létu af störfum og þakkar stjórnin þeim fyrir vel unnin störf.

### Meistaraflokkur kvenna:

Guðjón Kristinnson stýrði liðinu.

Meistaraflokkur kvk var á sínu öðru tímabili þar sem ungar uppaldar Gróttustúlkur hafa leitt vagninn ásamt stelpum úr KR.

Í meistarafloksráði sátu Hilmar Sigurðsson, Magnús Gunnarsson og Jón Sigurðsson. Á öðru tímabili sínu sýndu þær mikla framför og enduðu í 6.sæti. Þeirra bíður afar krefjandi verkefni næsta tímabil og er stefnt á bætingu í 2. deild á næsta tímabili.

Á uppskerukvöldi meistarafloks var Tinna Jónsdóttir valin best og Stígheiður Sól Einarsdóttir efnilegust. Þetta er frumkvöðlastarf sem hefur styrkt iðkun stelpna verulega á nesinu og eiga nú stelpur úr yngri flokkum Gróttu sínar eigin fyrirmyn dir og markmið til að keppa að.

Við í stjórninni tökum þessu verkefni mjög alvarlega og viljum þakka Seltjarnarnesbæ fyrir að standa þétt við bakið á okkur. Meistaraflokkur kvenna Gróttu er kominn til að vera.

Guðjón mun stýra meistaraflokki kvenna tímabilið 2018.

Helstu tekjurlindir meistarafloks voru auglýsingaskilti á völlinn. Það var einnig haldið herrakvöld með handboltanum og það var virkilega velheppnað. Jólablað knattspyrnudeildar kom út sjöunda árið í röð rétt fyrir jól og einnig var haldið frábært Þorrablót Seltirninga í samstarfi við handknattleiksdeild. Samstarfið við Vivaldi, Nettó og Veisluna gekk vel.

Hagnaður var af rekstri meistarafloks á árinu og eigið fé er jákvætt.

Ég vil þakka stjórn knattspyrnudeilda, leikmönnum og þjálfurum félagsins fyrir gott samstarf á árinu. Ég vil þakka sérstaklega þeim stjórnarmönnum er að hætta, þ.e. Elíasi, Magnúsi Erni fyrir ómetanlegt starf í þágu deildarinnar, en þeir hefur unnið hörðum höndum að uppbryggingu félagsins á undanförnum árum. Magnús Örn mun eftir sem áður starfa hjá félagini sem þjálfari og öflugur hugmyndasmiður. Að lokum vil ég þakka starfsmönnum Gróttu og ekki síst bæjarstjórn Seltjarnarnessbæjar og ÍTS fyrir allan stuðninginn á árinu.

Seltjarnarnesi 18. apríl 2018  
F.h. stjórnar knattspyrnudeilda Gróttu

Sölvi Snær Magnússon, formaður



# Rekstrarreikningur 2017

Rekstrartekjur	Skýr.	2017	2016
Framlög og styrkir .....	3	20.290.941	18.041.178
Tekjur af mótum .....		1.814.247	936.264
Auglýsingatekjur .....	4	8.110.000	6.536.027
Aðrar tekjur .....		1.725.000	1.730.000
		<u>31.940.188</u>	<u>27.243.469</u>
Rekstrargjöld			
Verktakagreiðslur .....		13.541.998	7.518.630
Styrkir til deilda (húsaleigustyrkir) .....		7.518.800	6.027.500
Áhöld, tæki og búnaður .....		2.260.142	1.503.997
Þátttaka og kostnaður vegna móta .....	5	6.243.984	6.156.620
Rekstur vallarhúss .....		594.325	10.000
Annar kostnaður .....	6	1.173.375	1.491.827
		<u>31.332.624</u>	<u>22.708.574</u>
Rekstrarhagnaður		607.564	4.534.895
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur .....		6.801	11.539
Vaxtagjöld .....		(12.671)	(10.234)
		<u>(5.870)</u>	<u>1.305</u>
Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld		601.694	4.536.200
Aðrar tekjur og gjöld			
Endurmat leikmanna .....	7	0	(200.000)
Hagnaður ársins		<u>601.694</u>	<u>4.336.200</u>



# Efnahagsreikningur 31/12 2017

## Eignir

	Skýr.	2017	2016
<b>Fastafjármunir</b>			
Leikmenn .....	7	800.000	800.000
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>800.000</u>	<u>800.000</u>

## Veltufjármunir

Skammtímakröfur .....		10.679.416	8.498.665
Handbært fé .....		2.206.799	1.111.395
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>12.886.215</u>	<u>9.610.060</u>

**Eignir samtals** 13.686.215 10.410.060

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2017	2016
<b>Eigið fé</b>			
Leikmenn .....		800.000	800.000
Óráðstafað eigið fé .....		7.487.060	6.885.366
<b>Eigið fé samtals</b>	8	<u>8.287.060</u>	<u>7.685.366</u>

## Skuldir

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		5.399.155	2.724.694
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<u>5.399.155</u>	<u>2.724.694</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>5.399.155</u>	<u>2.724.694</u>

**Eigið fé og skuldir samtals** 13.686.215 10.410.060



## Sjóðstreymi 2017

Handbært fé frá rekstri	Skýr.	2017	2016
Hagnaður, (Tap) ársins .....		601.694	4.336.200
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Matsbreyting leikmanna .....	7	0	200.000
Hreint veltufé frá rekstri		601.694	4.536.200
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur .....		(2.180.751)	(4.732.196)
Skammtímaskuldir .....		2.674.461	1.202.381
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		493.710	(3.529.815)
Handbært fé frá rekstri		1.095.404	1.006.385
Hækjun (lækkun) á handbæru fé .....		1.095.404	1.006.385
Handbært fé í ársbyrjun .....		1.111.395	105.010
Handbært fé í árslok .....		2.206.799	1.111.395



# Skýringar

## 1. Upplýsingar um félagið

Knattspyrnudeild Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð deildarinnar er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi. Þessi ársreikningur, knattspyrnudeildar Gróttu, er ársreikningur meistaraflokk karla, en enginn meistaraflokkur kvenna er hjá Gróttu.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

### Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til deildarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## 3. Framlög og styrkir

	2017	2016
Húsaleigustyrkir .....	5.500.000	5.500.000
Ferðastyrkir .....	1.760.000	1.927.000
Rekstrarstyrkur .....	9.262.800	5.860.800
KSÍ styrkir .....	0	3.269.000
Aðrir styrkir .....	<u>3.768.141</u>	<u>1.484.378</u>
	<u>20.290.941</u>	<u>18.041.178</u>

## 4. Auglýsingatekjur

	2017	2016
Skilti á íþróttavelli .....	6.895.000	4.890.027
Aðrar auglýsingatekjur .....	1.215.000	1.646.000
	<u>8.110.000</u>	<u>6.536.027</u>



# Skýringar

## 5. Þátttaka og kostnaður vegna móta

	2017	2016
Ferðakostnaður innanlands .....	2.914.359	3.733.015
Sjúkrakostnaður .....	1.004.987	479.721
Annar kostnaður vegna leikmanna .....	1.973.597	1.821.836
Annar kostnaður .....	351.041	122.048
	<b>6.243.984</b>	<b>6.156.620</b>

## 6. Annar kostnaður

	2017	2016
Félagaskipti og sala leikmanna .....	359.000	388.000
Rekstur skrifstofu .....	0	352.377
Kostnaður vegna leikja .....	339.514	340.066
Skemmtanahald, þorrablót .....	285.673	271.483
Annar kostnaður .....	189.188	139.901
	<b>1.173.375</b>	<b>1.491.827</b>

## 7. Leikmenn

Verðmæti leikmanna Knattspyrnudeildar Gróttu nam 0,8 mkr. í lok ársins. Leikmenn eru eignfærðir samkvæmt mati eins og það er gefið út af Knattspyrnusambandi Íslands í lok ársins. Breyting á mati ársins er færð í gegnum rekstrarreikning.

## 8. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Leikmenn	Samtals
Eigið fé 1/1 .....	6.885.366	800.000	7.685.366
Afkoma ársins .....	601.694	0	601.694
Endurmat skv. leikmannaskrá .....	0	0	0
Eigið fé 31/12 .....	<b>7.487.060</b>	<b>800.000</b>	<b>8.287.060</b>